

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. júní 2021 í máli nr. 126/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 2. nóvember 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir tjóni í viðskiptum við varnaraðila og krefst greiðslu að fjárhæð 2.380.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Kæruneftndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Sóknaraðili er eigandi fyrirtækisins [...] og er fyrirtækið skráður eigandi fasteignarinnar að [...]. Sóknaraðili býr í einu íbúðarhúsi á fasteigninni og greiðir leigu samkvæmt leigusamningi til fyrirtækisins [...]. Af gögnum málsins verður ráðið að ýmist sóknaraðili í eigin nafni, eða fyrirtæki sóknaraðila, hafi átt í samningssambandi við varnaraðila vegna fyrirætlana um að koma fyrir hitaveitu á fasteigninni og kaupa heitt vatn af varnaraðila. Ákvörðun um áformin hafði þegar verið tekin af seljanda fasteignarinnar þegar fyrirtæki sóknaraðila festi kaup á fasteigninni. Kveðst sóknaraðili hafa fengið þær upplýsingar að inntaksgjald við framkvæmdirnar yrði um 800.000 krónur auk virðisaukaskatts. Þá ætti að sögn sóknaraðila afhent vatn að vera 65°heitt og sambærilegt nýrri hitaveitu í Kjós. Hefði það verið hagkvæmari kostur en að hita fasteignirnar áfram með rafmagni. Greiddi sóknaraðili því inntaksgjaldið ásamt kaupverði jarðarinnar og hugðist eftir kaupin tengjast hitaveitu varnaraðila. Sóknaraðili og varnaraðili áttu í samskiptum eftir að sóknaraðili flutti á jörðina. Kveðst sóknaraðili hafa spurt varnaraðila hvort vatnið yrði ekki örugglega nægilega heitt fyrir allar byggingar á fasteigninni, þ.e. íbúðarhús, 45 fm niðri og 25 fm uppi, skemma 250 fm, geymsla 80 fm ásamt 50 fm frístundahúsi. Varnaraðili sagði svo vera að sögn sóknaraðila og lagði sóknaraðili út kostnað við að tengjast hitaveitunni. Sóknaraðili segir að þegar byrjað hafi verið að nýta hitaveituna hafi komið í ljós að vatnið sem barst sóknaraðila hafi aðeins verið 45° til 47°heitt. Hafi sóknaraðili því þurft að hita byggingarnar einnig með rafmagnsöfnun til viðbótar við hitaveituna. Af kvörtun sóknaraðila verður ráðið að hann telji forsendubrest hafa orðið fyrir samningssambandinu og krefst endurgreiðslu útlagðs kostnaðar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið laganna að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem

koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hefur samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019 úrskurðarvald í málum vegna ágreinings milli neytenda og seljenda sem rís af sölu- eða þjónustusamningi samkvæmt lögnum. Með sölusamningi er átt við samning milli seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samningar sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019.

Í athugasemdum við frumvarp til laganna kemur fram að einstaklingur geti einnig talist neytandi í skilningi laganna jafnvel þótt markmið samnings falli að hluta til innan atvinnugreinar hans. Til þess að slíkur samningur eigi undir gildissvið laganna verður atvinnutengda markmiðið með kaupunum hins vegar að vera svo takmarkað að það geti ekki talist aðalmarkmið kaupanna. Ef markmið kaupanna er fyrst og fremst vegna fyrirhugaðrar nýtingar söluhlutar við atvinnurekstur einstaklings á ágreiningur ekki undir gildissvið laganna.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu alls að fjárhæð 2.380.000 krónur. Sá kostnaður er vegna greiðslu inntaksgjalds að fjárhæð 880.000 krónur. Fyrir liggur að fyrirtækið [...] greiddi inntaksgjaldið við kaupin á fasteigninni. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu að fjárhæð 1.074.746 krónur vegna reiknings frá [...], sem skráður er á nafn sóknaraðila persónulega en ekki fyrirtæki hans. Ekki liggur þó fyrir hvort sá reikningur hafi verið greiddur eða af hverjum. Þá krefst sóknaraðili endurgreiðslu vegna kaupa á heitavatsröri að fjárhæð 158.844 krónur og sandi að fjárhæð 12.400 krónur, en fyrirtækið [...] greiddi þann kostnað. Sóknaraðili krefst einnig endurgreiðslu að fjárhæð 50.000 krónur sem greiða þarf til fyrirtækisins [...], en ekki liggur fyrir hvort sá kostnaður hefur verið greiddur eða af hverjum. Þá krefst sóknaraðili greiðslu fyrir gröfuvinnu sem hann vann sjálfur í þágu tengingar hitaveitunnar að fjárhæð 204.010 krónur. Kveðst sóknaraðili einnig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, m.a. vegna atvinnumissis, þar sem hann gat ekki stundað vinnu á þeim tíma sem hann vann gröfuvinnu í þágu samningsins við varnaraðila. Í samskiptum sínum við varnaraðila hefur sóknaraðili krafist þess að endurgreiðsla vegna ágreiningsins berist inn á reikning fyrirtækisins [...].

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður ekki annað séð en að viðskipti sóknaraðila og varnaraðila hafi fyrst og fremst farið fram í þágu eiganda jarðarinnar sem er fyrirtæki í atvinnurekstri að nafni [...]. Ágreiningur málsins er þar af leiðandi ekki milli neytanda og seljanda í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Nefndinni er því ekki annað fært en að vísa kvörtun sóknaraðila frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

IV

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt c. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson